

# Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands  
Október 2007

## Yfirlit efnahagsmála

Tólf mánaða **verðbólga** hefur aukist sl. tvo mánuði. Hún mældist 4,5% í október þegar vísitala neysluverðs hækkaði um 0,5% frá fyrri mánuði. Kjarnavísitölurnar hækkuðu báðar um 0,4% og hafa hækkað um 5% sl. tólf mánuði. **Undirliggjandi verðbólga** er meiri. Að frátöldum áhrifum sveiflukenndra þátta, breytinga á verði opinberrar þjónustu, vaxta og óbeinna skatta var tólf mánaða verðbólga 6,4%. Mest áhrif á vísitöluna hafði hækkun kostnaðar vegna eigin húsnæðis (vísitöluáhrif 0,16%) og verðhækkun á fötum og skóm í kjölfar útsöluloka (0,15%). Áhrifa hækkunar hrávöru- og eldsneytisverðs á heimsmarkaði gætir í auknum mæli í innlendu verðlagi. Verð á mat- og drykkjarvöru hækkaði um 1% í október og verð á bensíni og olíu um rúmlega 1%. Árshækkun **vísitölu neysluverðs án húsnæðis** var 1,3%.

Samkvæmt könnun Gallup sem gerð var í október mældust **verðbólguvæntingar almennings** 4,8% og voru óbreyttar frá síðustu mælingu í ágúst. Að meðaltali taldi almenningur verðbólgu vera 4,7%, sem er nálægt mældri verðbólgu í október.

Vísbendingar um **einkaneyflu** benda til aukins vaxtar á þriðja fjórðungi ársins. Ársvöxturinn var þó ívið hægari í september en í júlí og ágúst. Árshækkun **dagvöruveltu** nam tæpum 13% að raunvirði á þriðja fjórðungi ársins en 11% á fjórðungnum á undan. **Greiðslukortavelta** einstaklinga innanlands jókst einnig um tæplega 13% að raungildi milli ára á þriðja fjórðungi ársins en hafði aukist um tæp 8% á öðrum fjórðungi ársins. **Sementsala** án stóriðju jókst um rúm 10% á þriðja fjórðungi ársins frá sama tíma í fyrra en hafði aukist um tæp 4% á fjórðungnum á undan. **Nýskráningar bifreiða** jukust um tæplega fimmtung á þriðja fjórðungi ársins frá sama tíma 2006 eftir 3% samdrátt á fjórðungnum á undan og 40% samdrátt á fyrsta fjórðungi ársins.

**Vöruskipti** við útlönd voru óhagstæð um 12 ma.kr. í ágúst. Er það í takt við bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands fyrir ágúst en bráðabirgðatölur fyrir september benda til þess að vöruskiptajöfnuður hafi verið óhagstæður um 10 ma.kr. í mánuðinum. Verðmæti **vöruinnflutnings** dróst saman um 0,8% í ágúst frá sama mánuði í fyrra en um 6,1% miðað við fyrstu átta mánuði ársins mælt á föstu gengi. Verðmæti innfluttrar neysluverðu var 22% meira í ágúst en á sama tíma í fyrra og hafði aukist um 6% fyrstu átta mánuði ársins mælt á föstu gengi. Innflutningur fólksbíla dróst saman um 17% fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tímabil árið 2006 en jókst um 91% í júlí og ágúst. Verðmæti **vöruútflutnings** í ágúst var 10,5% meira en fyrir ári mælt á föstu gengi. Ársvöxturinn nam 14% fyrstu átta mánuði ársins.

Fyrstu tvær vikur október var **álverð** að meðaltali tæplega 4% hærra en í september. Framvirkt álverð til þriggja og fimmtán mánaða bendir til áframhaldandi hækkunar. **Olíuverð** á alþjóðamarkaði hækkaði um rúmlega 5% á sama tíma en framvirkt verð bendir til lækkunar á næstu 4-5 mánuðum. Vísitala **matvælavæðs** stóð í stað á sama tíma.

**Atvinnuleysi** samkvæmt skráum vinnumiðlana minnkaði um 0,1 prósentu í september og var 0,8% en 1% að teknu tilliti til árstíðarsveiflu. Launavísitala fyrir vinnumarkaðinn í heild hækkaði um 0,6% í september og nam árshækkun vísitölnnar 8,1%.

**Heildarvinnustundafjöldi** á þriðja fjórðungi ársins var nánast óbreyttur frá sama fjórðungi árið á undan. Starfandi fólki fjölgaði eigi að síður um 4,4% og fólki við vinnu í viðmiðunaryrkunni um 2,2% á fjórðungum, en meðalvinnutími styttist um tæpa klukkustund á viku. Vinnutími styttist eingöngu á höfuðborgarsvæðinu, en lengdist á landsbyggðinni. Líklegt er að sumarleyfatími og óvenjugott veðurfar á höfuðborgarsvæðinu skýri styttri vinnutíma höfuðborgarbúa, enda engin teikn um minni eftirspurn eftir vinnuafli.

**Tekjuafgangur ríkissjóðs** nam 6 ma.kr. í ágúst og var 42 ma.kr. fyrstu átta mánuði ársins ef litið er framhjá eignasölu og óreglulegum liðum. Á sama tíma í fyrra var afgangurinn 37 ma.kr. **Tekjur** án eignasölu jukust um 6% að raunvirði á sama tíma. Fyrstu fjóra mánuði ársins var ársvöxtur tekna mun meiri (12%) en á fjórum mánuðum til ágústloka (3%). **Útgjöld** ríkissjóðs að frádregnum vöxtum voru 7½% hærrí að raungildi fyrstu átta mánuði ársins en fyrir ári. Var ársvöxturinn töluvert minni á fyrri hluta tímabilsins (7%) en á þeim seinni (10%).

**Staðgreiðsluverð íbúðarhúsnæðis** á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 0,9% frá ágúst til september að teknu tilliti til árstíðar. Árshækkun íbúðaverðs nam 11%, sem er svipuð hækkun og á sama tíma í fyrra.

**Úrvalsvísitala hlutabréfa** var að meðaltali 5,8% hærrí fyrstu þrjár vikur október en í september.

Frá því í mars **hefur** hægt nokkuð á vexti **yfirdráttarlána** innlánsstofnana til fyrirtækja. Í september drógust þau saman um 0,4% frá sama mánuði í fyrra, í fyrsta sinn frá árinu 2004. Hlutfall yfirdráttarlána af útlánum fyrirtækja nam tæplega 6% í september og hefur ekki áður verið lægra. **Óverðtryggð útlán** til fyrirtækja hafa hins vegar aukist og voru 18,5% útlána til þeirra í september. Hlutfall yfirdráttarlána af heildarútlánum til heimila er einnig í sögulegu lágmarki og nam 9% í september. **Gengisbundin útlán** til heimila að teknu tilliti til gengisáhrifa námu 13,4% af heildarútlánum til heimila í september og höfðu aukist um 98% frá sama tíma í fyrra.

**Ávöxtunarkrafa verðtryggðra** íbúðabréfa var að meðaltali 0,3-0,7 prósentum hærrí fyrstu þrjár vikur október en í september, en **ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa** hélst svipuð. **Raunstýrivextir miðað við verðbólguálag** ríkisbréfa voru því að meðaltali 0,6% hærrí á þessum tíma. **Raunstýrivextir miðað við liðna verðbólgu** hafa hins vegar lækkað um 0,3% frá því í september. **Vaxtamunur** þriggja mánaða millibankavaxta við útlönd hefur minnkað það sem af er október vegna lækkunar innlendra millibankavaxta. **Skuldatryggingar** íslensku bankanna á alþjóðamarkaði hækkuðu á sama tíma eftir að hafa lækkað undir lok september. **Vísitala meðalgengis** miðað við víða vöruviðskiptavog var að meðaltali rúmum 3 prósentum lægri fyrstu þrjár vikur október en að meðaltali í september.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lækkaði í október spá sína um **hagvöxt í heiminum** á næsta ári um 0,4 prósentur frá fyrri spá. Spá um hagvöxt í Bandaríkjunum var lækkuð um 0,9 prósentur og spáin fyrir evrusvæðið um 0,4 prósentur. Sjóðurinn spáir 4,8% hagvexti í heiminum á næsta ári. Um miðjan október lækkaði Seðlabanki Tyrklands **stýrivexti** um 0,5 prósentur í 16,75%.

*Í Hagvísun er notast við talmagn sem tiltæk voru 23. október 2007.*

## Yfirlitstafla Hagvísu

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Breyting (%)			Áhrif á 12 mán.	
			frá fyrri mánuði	yfir 6 mánuði <sup>2</sup>	yfir 12 mánuði	VNV sl. 12 mán (%)	br. fyrir ári (%)
<b>I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar<sup>1</sup></b>							
Vísitala neysluverðs (VNV) (maí 1988=100) .....	október '07	278,1	0,5	7,1	4,5	.	7,2
Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns).....	október '07	157,7	0,4	6,2	5,0	4,4	7,1
Kjarnavísitala 2 (kjarnavísitala 1 án opinberrar þjónustu) .....	október '07	158,7	0,4	6,5	5,1	4,2	7,6
Innlendar vörur án búvöru og grænmetis .....	október '07	134,8	0,7	5,5	-3,9	-0,3	8,6
Búvörur og grænmeti .....	október '07	130,0	1,0	7,4	-2,2	-0,1	9,1
Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks .....	október '07	117,6	0,4	2,9	0,7	0,2	5,1
- mat- og drykkjarvörur.....	október '07	118,6	1,3	4,3	-5,0	-0,1	9,7
- nýr bill og varahlutir.....	október '07	129,5	-0,3	-0,4	2,1	0,2	8,2
- bensín.....	október '07	169,7	1,1	23,1	6,8	0,3	4,4
- innfluttar vörur aðrar .....	október '07	100,5	0,4	-1,1	-0,4	-0,1	3,1
Húsnæði.....	október '07	279,2	0,8	16,2	14,3	3,5	12,2
Opinber þjónusta .....	október '07	152,7	0,2	2,4	3,5	0,2	1,4
Önnur þjónusta.....	október '07	161,4	0,2	5,7	5,1	1,1	5,3
Dagvara.....	október '07	126,7	0,9	5,3	-3,3	-0,5	9,6
Innflutningsgengisvísitala (31. des. 1994=100).....	28. september '07	99,3	0,6	-3,6	-4,1	.	19,2

	Nýjasta tímabil	Vænt 12 mán. verðbólga	Breyt. frá síðustu könnun	Vænt 12 m. verðbólga fyrir ári	Vænt verðbólga á ársvarða næstu 2 ár	Vænt verðbólga á ársvarða næstu 3 ár	Hugmynd um verðb. sl. 12 mán.
Verðbólguvæntingar fyrirtækja .....	september '07	3,8	0,2	3,5	2,9	.	.
Verðbólguvæntingar almennings .....	október '07	4,8	-1,0	6,6	.	.	4,7

1. Grunntímabil vísitalna: Vísitala neysluverðs: maí 1988; aðrar verðvísitölur undirfloka: mars 1997=100. 2. Umreiknað til ársraða.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
<b>II Framleiðsla og eftirspurn</b>							
Landsframleiðsla (ma.kr.).....	2. ársfj. '07	312,8	289,5	6,2	2,5	608,3	1,3
Þjóðarútgjöld (ma.kr.).....	2. ársfj. '07	357,2	343,9	13,1	0,1	673,7	-4,3
Einkaneysla (ma.kr.).....	2. ársfj. '07	191,1	176,9	10,5	3,9	362,5	1,4
Samneysla (ma.kr.).....	2. ársfj. '07	78,2	71,3	1,6	2,6	154,9	2,4
Fjármunamyndun (ma.kr.).....	2. ársfj. '07	86,8	94,9	33,8	-8,4	153,5	-18,4
Útflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.).....	2. ársfj. '07	96,4	102,5	-7,2	-3,4	205,9	5,7
Innflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.).....	2. ársfj. '07	-140,9	-156,9	11,9	-6,6	-271,3	-8,8
Velta innanlandsgr. skv. virðisaukask. skýrslum (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	maí-júní '07	284,8	253,5	3,0	7,7	747,7	10,3
Dagvöruvelta (növ. 2001=100) .....	ágúst '07	144,1	126,5	0,3	13,9	131,4	10,3
Greiðslukortavelta (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	september '07	57,6	54,6	-9,8	5,0	525,6	4,6
Velta skráðra fyrirtækja (ma.kr.).....	2. ársfj. '07	429,0	321,4	124,5	33,4	429,0	33,4
Sementssala (þús. tonn).....	september '07	29,4	30,8	10,4	-4,8	236,5	-1,2
Nýskráning bifreiða (stk.).....	ágúst '07	0	1.498	-100,0	-100,0	0	-100,0

Skýring: Allar breytingar fjárhæða á milli tímabila eru raunbreytingar. 1. Breytingar eru reiknaðar út frá árstíðarleiðréttum tölum.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
<b>III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði</b>							
Verðlag sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli (jan. 1999 = 100).....	ágúst '07	117,4	113,1	-0,8	3,9	117,4	3,9
Verðlag áls á heimsmarkaði (\$/tonn).....	október '07	2.495	2.655	4,3	-6,0	2.682	9,9
Verð olíu á heimsmarkaði (\$/fat).....	október '07	85,0	58,4	10,1	45,5	68,9	3,4
Botnfiskafli (þús. tonn) .....	september '07	28,7	32,6	-26,2	-12,0	385,1	-4,1
Uppsjávarafli (þús. tonn) .....	september '07	19,6	48,6	-60,5	-59,6	712,4	12,3
Vöruútflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) <sup>1</sup> .....	ágúst '07	17,4	16,6	-12,3	8,3	165,4	15,1
- sjávarafurðir (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	ágúst '07	7,7	9,5	-22,4	-16,6	83,6	2,1
- ál (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	ágúst '07	6,1	4,5	-9,9	39,9	53,9	48,9
- aðrar iðnaðarvörur (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	ágúst '07	3,1	1,9	17,5	63,5	21,7	5,8
Vöruinnflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) <sup>1</sup> .....	ágúst '07	28,8	28,1	-17,0	5,8	238,9	0,2
Vöruskiptajöfnuður (án skipa og flugvéla, ma.kr.) <sup>1</sup> .....	ágúst '07	-11,4	-11,5	.	.	-73,6	.
Útflutningur þjónustu (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	2. ársfj. '07	35,9	32,3	34,3	22,3	63,9	11,0
Innflutningur þjónustu (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	2. ársfj. '07	47,8	46,5	26,4	13,1	87,4	2,7
Raugengi m.v. verðlag (2000=100).....	3. ársfj. '07	110,0	101,4	3,7	8,5	107,0	2,8

1. Breytingar á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd eru á föstu gengi.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting frá <sup>1</sup>		Frá ársbyrjun <sup>2</sup>	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
<b>IV Vinnumarkaður og tekjur</b>							
Fjöldi atvinnulausra.....	september '07	1.336	1.628	-140	-292	1.733	-18,6
Hlutfall atvinnulausra, árstíðarleiðrétt (% af mannafla).....	september '07	1,0	1,2	0,0	-0,3	1,0	-0,3
Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðskönnun (% af mannafla).....	3. ársfj. '07	3,2	4,0	1,2	-0,8	2,6	-0,6
Laus störf á vinnumiðlunum .....	september '07	381	516	-21,6	-26,2	446	-30,4
Útgáfa atvinnuleyfa alls .....	september '07	106	182	-66,7	-41,8	2.324	-52,6
Ný tímab. leyfi á nýjum vinnustað og framlengd tímab. leyfi.....	september '07	1.239	953	48,6	30,0	5.478	20,7
Launavísitala (des. 1988=100).....	ágúst '07	321,1	297,4	0,4	8,0	316,1	9,4
Kaupmáttur launa m.v. launavísitölu (1990=100).....	ágúst '07	146,9	140,7	0,4	4,4	146,2	4,0

1. Breytingar á fjölda atvinnulausra sýna fjölgun/fækkun; breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar breytingar vísitalna og breytingar á útgáfu atvinnuleyfa og fjölda lausra starfa eru hlutfallslegar (%). 2. Meðal mánaðarlegur fjöldi atvinnulausra og lausra starfa það sem af er árinu, meðaltal atvinnuleysis hlutfalls en uppsafnaður fjöldi atvinnuleyfa. Breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar aðrar breytingar eru hlutfallslegar (%).

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Raunbreyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Raunbr. frá f. ári (%)
<b>V Opinber fjármál</b>							
Tekjuafgangur ríkissjóðs (ma.kr.).....	ágúst '07	2,9	3,1	.	.	46,6	.
Tekjuafgangur ríkissjóðs, hlutfall af tekjum (%) .....	ágúst '07	8,5	10,1	.	.	16,3	.
Hrein lánsfjárbörf (ma.kr.).....	ágúst '07	-8,7	2,8	.	.	-29,9	.
Hrein lánsfjárbörf (% af tekjum).....	ágúst '07	-25,5	9,3	.	.	-10,5	.
Tekjur ríkissjóðs (ma.kr.).....	ágúst '07	34,0	30,4	2,3	7,8	285,1	10,1
- án eignasölu og óreglulegra tekna (ma.kr.) .....	ágúst '07	32,5	30,3	2,4	3,2	278,2	7,7
- af virðisaukaskatti (ma.kr.) .....	ágúst '07	11,6	11,2	6,2	-0,1	91,7	8,3
- af staðgreiddum tekjuskatti & tryggingargj. (ma.kr.) .....	ágúst '07	9,1	8,8	-8,7	-0,4	79,4	4,1
- af innflutningi (ma.kr.) .....	ágúst '07	2,7	2,5	5,7	6,4	19,3	-1,9
Útgjöld ríkissjóðs (ma.kr.) .....	ágúst '07	31,2	27,3	4,4	9,7	238,5	8,2
- leiðrétt fyrir óreglulegum gjöldum (ma.kr.).....	ágúst '07	31,2	27,3	4,4	9,7	238,5	8,2

Skýring: Fyrstu fjórir dálkarnir vísa til 4ra mánaða meðaltala, hinir tveir til heildartalna frá byrjun árs.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
<b>VI Eignamarkaðir</b>							
Úrvalsvisitala, mánaðarmeðaltal (des. 1997=1.000).....	september '07	7.964,1	6.184,0	-2,7	28,8	7.810,8	33,2
Velta, mánaðarleg (ma.kr.) .....	september '07	252,7	141,1	-1,6	79,1	2.442,2	75,9
Verð íbúða í fjölbýli á höfuðb.svæði (jan. 1994=100) .....	september '07	338,5	304,0	0,9	11,3	322,4	15,1
Raunverð íbúða alls á höfuðb.svæði (jan. 1994=100).....	september '07	212,6	199,5	-0,5	6,5	207,0	6,9
Aflahlutdeild (kr./kg.) .....	október '07	3370	2045	12,3	64,8	2740	53,7


	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
<b>VII Fjármálamarkaðir</b>							
Útlán innlánsstofnana til innlendra aðila (ma.kr.).....	september '07	2.889,0	2.201,5	1,1	22,1	.	.
að frádregnum ættl. gengis- og vísitöluáhrifum (vísitala).....	júlí '07	588,1	467,1	4,7	31,9	.	.
- að raungildi (jan. 2002=100).....	júlí '07	308,2	262,8	0,0	17,2	.	.
Útlán lánakerfisins (ma.kr.) .....	júní '07	5.175,6	3.213,3	23,3	61,1	.	.
M3 (ma.kr.) .....	september '07	1.168,2	738,7	10,5	58,2	.	.
Stýrivextir Seðlabankans (%) .....	19. október '07	13,30	13,09	0,0	0,2	13,30	1,88
Peningamarkaðsvextir, 3ja mán. (%) <sup>1</sup> .....	19. október '07	14,0	13,6	0,2	0,4	13,9	2,0
Peningamarkaðsvextir, 12 mán. (%) <sup>1</sup> .....	19. október '07	13,8	13,7	-0,2	0,2	14,1	1,9
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (RIKB 100317) (%) <sup>1</sup> .....	19. október '07	10,7	8,7	-1,3	2,0	10,1	1,0
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (RIKB 130517) (%) <sup>1</sup> .....	19. október '07	9,1	7,8	-0,5	1,3	8,9	0,4
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150224) (%) <sup>1</sup> .....	19. október '07	5,8	4,5	0,5	1,3	5,4	.
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150434) (%) <sup>1</sup> .....	19. október '07	5,1	4,1	0,4	1,0	4,6	.
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150644) (%) <sup>1</sup> .....	19. október '07	4,7	4,0	0,3	0,8	4,4	.
Ávöxtunarkrafa spariskirteina (RIKS 151001) (%) <sup>1</sup> .....	19. október '07	0,0	4,3	0,0	-4,3	2,3	-2,0
Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisj. (%) <sup>1</sup> .....	19. október '07	19,3	19,3	0,0	0,0	19,2	1,8
Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisj. (%) <sup>1</sup> .....	19. október '07	9,3	7,2	0,0	2,1	8,6	1,6
Gengisvísitala krónunnar (31. des. 1991=100) <sup>1</sup> .....	19. október '07	115,9	120,4	-3,8	-4,5	118,5	-2,4

1. Allar tölur nema í tveimur öftustu dálkum miðast við 4 vikna meðaltöl, til þess dags sem tilgreindur er.

# I Verðlagspróun og verðbólguvæntingar


I-1

**Verðbólga**  
Heildarvísitala og mælikvarðar á undirliggjandi verðbólgu




I-2

**Verðlagspróun**  
Vörur




I-3

**Verðlagspróun**  
Húsnæði og þjónusta




I-4

**Verðlagspróun**  
Ýmsir undirliðir




I-5

**Innflutningsverðlag og gengispróun**  
Vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala og verð innfl. vöru í VNV




I-6

**Undirliðir verðbólgu**  
Áhrif á þróun vísitölu neysluverðs sl. 12 mánuði




I-7

**Verðbólga á Íslandi og í viðskiptalöndunum**  
Samræmd vísitala neysluverðs



I-8

**Verðbólguvæntingar**  
Verðbólguálag í lok mánaðar og verðbólguvæntingar skv. könnunum




1. Verðbólguálag reiknað út frá ávöxtunarkröfu RÍKB 13 0517 og RÍKS 15 1001.  
2. Verðbólguálag reiknað út frá ávöxtunarkröfu RÍKB 13 0517 og HFF150914.

## II Framleiðsla og eftirspurn


II-1

Hagvöxtur og þjóðarútgjöld  
Ársfjórðungslegar tölur




II-2

Einkaneysla og fjármunamyndun  
Ársfjórðungslegar tölur




II-3

Landsframleiðsla  
Framlag einstakra liða til hagvaxtar




II-4

Útanríkisviðskipti  
Ársfjórðungslegar tölur




II-5

Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum  
Árstíðarleiddréttar tölur




II-6

Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum  
Nokkrir undirflokkar




II-7

Dagvöruvelta  
Raubvirt með verðvísitölu dagvöru



II-8


Greiðslukortavelta  
Velta debet- og kreditkorta, staðvirk með VNV án húsnæðis og gengisvísitölu



## II Framleiðsla og eftirspurn


II-9

Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja  
Janúar-júní 2005-2007




II-10

Innfl. og nýskráningar bifreiða og sementssala  
Mánaðarlegar tölur




II-11

Fjárhæð samninga í útboðum  
Ásamt hlutfalli hennar og kostnaðaráætlana



II-12


Væntingavísitölur Gallup  
Mat á núverandi ástandi og væntingar til 6 mánaða



## III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði


III-1

Viðskiptajöfnuður  
Ársfjórðungslegar tölur




III-2

Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi  
Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall




III-3

Vöruinnflutningur og -útflutningur  
12 og 3 mánaða hreyfanleg meðaltöl, á föstu gengi



III-4

Vöruútflutningur  
3 mánaða hreyfanlegt meðaltal, á föstu gengi






# III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði

III-5

## Vöruútflutningur eftir vöruflokkum


3 mán. hreyfanleg meðaltöl útflutningsverðmætis, á föstu gengi



III-6


## Árstíðarleiðréttur vöruinnflutningur

3 mánaða hreyfanlegt meðaltal, á föstu verði og gengi



III-7


## Vöruviðskipti janúar-ágúst 2005-2007



III-8

## Þjónustujöfnuður


Á föstu gengi



III-9

## Undirþættir viðskiptajafnaðar


Rekstrarframlög talin með þáttatekjum



III-10

## Aflatölur


Mánaðarlegur aflur



III-11


## Magn afla

Janúar-september



## Útfl.verðmæti sjávarafurða


Janúar-ágúst



III-12

## Útflutningsverðlag


Verð á sjávarafurðum í erlendra myntvög og áli í dollurum



### III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði


III-13

Olíu- og bensínverð á heimsmarkaði  
Spá er byggð á framvirku verði á Rotterdammarkaði




III-14

Hrávöruverð á heimsmarkaði  
Vikulegar tölur




III-15

Raugengi  
Ársfjórðungslegar tölur



III-16


Raugengi m.v. verðlag  
Mánaðarlegar tölur



### IV Vinnumarkaður og tekjur


IV-1

Atvinnuleysi  
Hlutfall af mannafla




IV-2

Erlendir starfsmenn  
3 mánaða hreyfanleg meðaltöl




IV-3

Atvinnuleysi og -þátttaka  
Skv. könnun Hagstofu



IV-4


Fjöldi starfandi  
Staðgreiðslugögn 1998-2002, vinnumarkaðskönnun frá 2003



## IV Vinnumarkaður og tekjur


IV-5

Breytingar á vinnuafli  
Skv. vinnumarkaðskönnun




IV-6

Breytingar á vinnuafli  
Framlag aldursþópa til breytingar heildarvinnustundafjölda




IV-7

Laun og kaupmáttur  
Launavísitala Hagstofu




IV-8

Launabreytingar eftir geirum  
Launavísitala Hagstofu




IV-9

Vísitala launa á almennum vinnumarkaði  
eftir atvinnugreinum  
Breyting frá fyrra ári (%)



IV-10


Vísitala launa á almennum vinnumarkaði  
eftir starfstéttum  
Breyting frá fyrra ári (%)



## V Opinber fjármál


V-1

Tekjuafgangur og hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs  
Raunvirt 4 mánaða hreyfanleg meðaltöl



V-2


Reglulegar tekjur og gjöld ríkissjóðs  
Raunvirt 4 mánaða hreyfanleg meðaltöl



## V Opinber fjármál


V-3

Reglulegar tekjur án eignasölu og gjöld án vaxta  
Raunvirt 4 mánaða hreyfanleg meðaltöl




V-4

Þróun skatttekna ríkissjóðs  
Raunvirt 4 mánaða hreyfanleg meðaltöl




V-5

Þróun ríkisútgjalda, helstu málaflokkar  
Raunvirt 4 mánaða hreyfanleg meðaltöl



V-6


Ríkisútgjöld eftir tegundum  
Raunvirt 4 mánaða hreyfanleg meðaltöl



## VI Eignamarkaðir


VI-1

Hlutafjármarkaður  
Mánaðarleg velta og verðþróun




VI-2

Fasteignaverð á höfuðborgarsvæði  
Fermetraverð íbúðarhúsnæðis, 3 mán. meðaltöl




VI-3

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu  
Mánaðarlegar tölur



VI-4


Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu  
Vegjið meðaltal iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis



# VII Fjármálamarkaðir


VII-1

## Útlánaaukning lánakerfisins Ársfjórðungslegar tölur




VII-2

## Skuldir heimila við helstu lánastofnanir Mánaðarlegar tölur




VII-3

## M3 og innlend útlán innlánsstofna Mánaðarlegar tölur




VII-4

## Raungildi M3 og innlendra útlána innlánsstofnana Mánaðarlegar tölur




VII-5

## Grunnfé og lán gegn veði við Seðlabankann Þriggja mánaða hreyfanleg meðaltöl




VII-6

## Stýrivextir SÍ og vextir á peningamarkaði Vikulegar tölur



VII-7


## Raunstýrivextir Vikulegar tölur



1. Verðbólguálag reiknað út frá ávöxtunarkröfu RIKB 13 0517 og RIKS 15 1001.  
2. Verðbólguálag reiknað út frá ávöxtunarkröfu RIKB 13 0517 og HFF 150914.

VII-8


## Vaxtamunur við útlönd Vikulegar tölur



# VII Fjármálamarkaðir


VII-9

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa  
Daglegar tölur




VII-10

Tímaróf óverðtryggðra vaxta 19. október 2007




VII-11

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa  
Daglegar tölur




VII-12

Óverðtryggðir meðalvextir  
Útlán banka og sparisjóða, ávöxtun ríkisbréfa og stýrivextir




VII-13

Verðtryggðir meðalvextir  
Útlán banka og sparisjóða, ávöxtun ríkisbréfa og stýrivextir




VII-14

Vaxtamunur  
Milli meðalkjörvaxta og stýrivaxta, útlánavaxta banka og ávöxtunar spariskirteina




VII-15

Út- og innlánsvextir banka og sparisjóða  
Verðtryggð kjör



VII-16


Skuldatryggingar íslenskra banka og vísitala evrópskra fjármálafyrirtækja  
Daglegar tölur 23. maí 2006 - 19. október 2007



## VII Fjármálamarkaðir


VII-17

Gengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum  
Daglegar tölur



VII-18


Meðalgengi og raungengi krónu  
Mánaðarleg meðaltöl



## VIII Alþjóðleg efnahagsmál


VIII-1

Verðlagsþróun  
M.v. neysluverðsvisítölu




VIII-2

Atvinnuleysi  
Árstíðarleiðrétt




VIII-3

Iðnaðarframleiðsla  
Árstíðarleiðréttar magnvísitölur




VIII-4

Hagvöxtur  
Magnbreyting vergrar landsframleiðslu




VIII-5

Vöxtur breiðs peningamagns  
M3



VIII-6


Útlánavöxtur innlánsstofnana  
Mánaðarlegar tölur



# VIII Alþjóðleg efnahagsmál


VIII-7

Hlutabréfaverð  
Daglegar tölur




VIII-8

Hlutabréfaverð á Norðurlöndunum  
Daglegar tölur




VIII-9

Stýrivextir seðlabanka  
Daglegar tölur




VIII-10

Vextir á peningamarkaði  
Til 3ja mánaða




VIII-11

Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa  
Daglegar tölur




VIII-12

Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og sterlingspundi  
Daglegar tölur




VIII-13

Hagvaxtarspár fyrir evrusvæðið, Bretland og Þýskaland  
Tímaás sýnir mánuðinn sem spáin er gerð í



VIII-14

Hagvaxtarspár fyrir Bandaríkin og Japan  
Tímaás sýnir mánuðinn sem spáin er gerð í






## VIII Alþjóðleg efnahagsmál


VIII-15

Leiðandi hagvísar (Leading Indicators) OECD



VIII-16

Væntingavísitölur á evrusvæði og í Bandaríkjunum



# Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

## *Mynd I-1. Verðbólga (VNV og kjarnavísitölur)*

Heimild: Hagstofa Íslands. Síndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs (VNV) og kjarnavísitalna 1 og 2. Kjarnavísitölurnar eru byggðar á sama grunni og VNV en hin fyrri undanskilur verð búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns og hin síðari til viðbótar verð opinberrar þjónustu. Einnig er sýnt verðbólguþéttum Seðlabanka Íslands sem tekið var upp í mars 2001.

## *Mynd I-2. Verðlagsþróun: vörur*

Heimild: Hagstofa Íslands. Síndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs og tveggja undirliða hennar; innlendra vara án búvara og grænmetis og innfluttra vara án áfengis og tóbaks.

## *Mynd I-3. Verðlagsþróun: húsnæði og þjónusta*

Heimild: Hagstofa Íslands. Síndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs og þriggja undirliða hennar; húsnæðis, opinberrar þjónustu og annarrar þjónustu.

## *Mynd I-4. Verðlagsþróun: ýmsir undirliðir*

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Síndar eru 12 mánaða %-breytingar í verðvísitölum fjögurra undirflokka vísitölu neysluverðs; dagvöru, bensíns og nýrra bíla og varahluta.

## *Mynd I-5. Innflutningsverðlag og gengisþróun*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verð á innfluttum vörum án áfengis og tóbaks í vísitölu neysluverðs. Vísitala með meðaltal tímabilsins sem myndin sýnir sem grunnildi. Vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala, meðaltal mánaðar, mars 1997 = 100.

## *Mynd I-6. Undirliðir verðbólgu*

Heimild: Hagstofa Íslands. Síndar eru áhrif breytinga í nokkrum helstu undirflokkum vísitölu neysluverðs á þróun hennar sl. 12 mánuði. Flokkarnir eru fimm: innlendar vörur án búvöru og grænmetis, innfluttar vörur án áfengis og tóbaks, húsnæði, opinber þjónusta og almenn þjónusta.

## *Mynd I-7. Verðbólga á Íslandi og í viðskiptalöndunum*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Eurostat. Verðbólga á Íslandi og á EES-svæðinu miðað við 12 mánaða breytingu samræmdrar vísitölu neysluverðs (HICP). Verðbólga í viðskiptalöndunum er miðuð við 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs í Bandaríkjunum, Japan og Sviss en 12 mánaða breytingu samræmdrar vísitölu neysluverðs í öðrum viðskiptalöndum.

## *Mynd I-8. Verðbólguvæntingar*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og fyrirtækja og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar eru skv. könnunum sem Gallup gerir fyrir Seðlabankann. Spurt er hver verðbólgan muni verða næstu tólf mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa er annars vegar reiknað út frá ávöxtunarkröfu ríkisbréfa (RIKB 13 0517) og spariskírteina (RIKS 15 1001) og hins vegar út frá ávöxtunarkröfu ríkisbréfa (RIKB 13 0517) og íbúðabréfa í flokki HFF150914. Tölur eru í mánaðarlok.

## *Mynd II-1. Hagvöxtur og þjóðarútgjöld*

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu og þjóðarútgjalda frá sama fjórðungi fyrra árs. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

## *Mynd II-2. Neysla og fjármunamyndun*

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndunar frá sama fjórðungi fyrra árs. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

## *Mynd II-3. Landsframleiðsla*

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðungi á fyrra ári og hlutdeild undirþátta í hagvexti. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

## *Mynd II-4. Utanríkisviðskipti*

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting útflutnings og innflutnings frá sama fjórðungi fyrra árs. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

## *Mynd II-5. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Síndar eru tölur um heildarveltu og veltu innanlandsgreina. Tölur eru raunvirtar með vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis eða vísitölu neysluverðs án bensíns og húsnæðis, eftir því sem við á, og árstíðarleiðréttar.

*Mynd II-6. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum: nokkrir undirflokkar*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru tölur um þrjá undirflokka; byggingarstarfsemi, smásöluverslun og þjónustugreinar. Tölur eru raunvirtar með vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis eða vísitölu neysluverðs án bensíns og húsnæðis, eftir því sem við á, en ekki árstíðarleiddréttar.

*Mynd II-7. Dagvöruvelta*

